

Nefndasvið Alþingis
Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 30. janúar 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þungunarrof, 339. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) fagnar framkomnu frumvarpi um þungunarrof. Í 8. grein frumvarpsins kemur fram að skylt sé að bjóða upp á stuðningsviðtal fyrir og eftir þungunarrof og að öll fræðsla og ráðgjöf í tengslum við þungunarrof skuli veitt á óhlutdrægan hátt og byggjast á gagnreyndri þekkingu með virðingu fyrir mannréttindum og með mannlega reisn að leiðarljósi.

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar því að áhersla sé lögð á ráðgjöf og fræðslu í frumvarpi þessu en saknar þess að ekki sé meiri umræða um hvernig skuli tryggja ráðgjöf og stuðning, á landsvísi. Félagsráðgjafar hafa sinnt þessari ráðgjöf allt frá árinu 1975 og jafnvel enn fyrr, og hefur reynslan sýnt hve mikilvæg hún er fyrir einstaklinginn og fjölskylduna.

Félagsráðgjafafélag Íslands vill benda á að nauðsynlegt er að tryggja aðgengi að félagsráðgjöfum á heilsugæslustöðvum og heilbrigðisstofnunum um land allt í ljósi þess að meirihluti þungunarrofa er af félagslegum ástæðum og því mikilvægt að þeir fagaðilar sem ráðgjöf og stuðning veita í aðdraganda og eftir þungunarrof séu með faglega þekkingu þar að lútandi.

Félagsráðgjafafélag Íslands er reiðubúið að fylgja þessari umsögn eftir.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Félagsráðgjafafélags Íslands
María Rúnarsdóttir, formaður.